

Fundagerð skólaráðs Lágafellsskóla

24/9 2009

1. Skólabyrjun gengur vel, fækkun hefur orðið á kennslustundum á yngsta stigi um eina á dag ásamt 20 mínútna nestistíma. Það munar töluvert um það. Foreldrar hafa kvartað vilja gamla formið, þ.e. lengri tíma.
2. Rætt um frístundarávísun og notkun hennar í íþróttafjörið.
3. Fjárhagsáætlun næsta árs rædd og verður meiri samdráttur í peningamálum skólans 5%. Allir starfsmenn skólans fara í hugmyndavinnu og koma með hugmyndir af sparnaði:
 - A. án þess að þjónusta skerðist
 - B. með því að þjónusta skerðist.Unnið verður síðan úr hugmyndum starfsfólks.
4. Enn er verið að breyta skólaakstri, nýr listi fer inn á netið um leið og hann er tilbúinn. Ástand bifreiðanna rætt, þarf að ath. öryggi barna í bílunum og fara yfir allan aðbúnað þeirra.
5. Framkvæmdir í skólanum – Nýjar stofur á skólalóð, hljóðeinangrun í nýju byggingunni, rotþrær í eldhúsi. Fartölvuver komið í kennslustofu.
6. Samræmd próf hjá 4.-7.-10. bekk gengur vel.
7. Mötuneyti - Fjöldgun nemenda í mötuneyti en eitthvað hefur minnkað í ávaxtabita. Rætt um hvort eigi að leggja ávaxtabitann niður. Máltíðin verður hækkuð í 250 kr. Frístundasel hækkar í 230 kr. Klukkustundin.
8. Í athugun er að fá tilboð frá söluaðilum sem allar stofnanir bæjarins eru að versla inn til þess að spara í innkaupum.
9. Leikskólinn komi inn í foreldrafélag Lágafellsskóla með tvo fulltrúa.
10. Önnur mál

Rætt um að athuga með jólasveina hvort foreldrafélag gæti lagt þá til þetta árið. Hreiðar var með góða sveina sem hann ætlaði að athuga með kostnað við.

Ákvörðun um töskupósta – aðeins komi póstur frá skóla og fræðsluráði og það sem tengist skólaráði.

Forvarnardagur á vegum Lýðheilsustöðvarinnar verður þann 1. okt.

Ferðalög á vegum skólans á komandi skólaári verða skorin niður vegna sparnaðar.